

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna varðandi dagforeldraþjónustu

Skóla og frístundaráð leggur til að ráðist verði í eftirtaldar aðgerðir til að efla dagforeldraþjónustu í Reykjavíkurborg.

1. Borgin leggi dagforeldrum til húsnæði til að starfa tveir og tveir saman. Í fyrsta áfanga verði lögð fram þrjú hús á þremur stöðum. Aðgerðin miðist við að einn starfandi dagforeldri og einn nýr starfi saman.
2. Niðurgreiðslur til dagforeldra hækki um 15%.
3. Veittur verði stofnstyrkur kr. 300.000 til nýrra dagforeldra. Skilyrði verði að dagforeldri starfi í a.m.k. 1 ár, annars komi til endurgreiðsla.
4. Námsstyrkir og aukinn faglegur stuðningur við dagforeldra. Reykjavíkurborg hækki framlög sín til dagforeldra vegna grunnnámskeið fyrir verðandi dagforeldra og greiði að fullu endurnýjun á slysavarnar- og eldvarnarnámskeiðum sem viðurkenndir fagaðilar halda.
5. Ytra mat á daggæslu verði innleitt með vísan í gæðaviðmið sem þróuð hafa verið í samvinnu við félög dagforeldra. Borgin útvegi þeim dagforeldrum sem starfa einir öryggishnapp. Þjónustan verði boðin út til að tryggja hagstæðustu verð sem völ er á.
6. Ríkari upplýsingagjöf um þjónustu dagforeldra. Gerð verði krafa til dagforeldra um ríkari upplýsingagjöf til foreldra um þjónustuna.
7. Námsefni fyrir verðandi dagforeldra af erlendum uppruna. Reykjavíkurborg í samvinnu við velferðarráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga, hafi forgöngu um að námsefni á grunnnámskeiði vegna daggæslu verði þýtt á ensku og pólsku.
8. Ráðgjöf og eftirlitsheimsóknir. Lagt er til að við endurskoðun á reglugerð um daggæslu verði eftirlit og þjónusta með dagforeldrum augin. Heilbrigðiseftirlitið veiti starfsleyfi til daggæslu hvort sem um er að ræða að dagforeldri starfi eitt eða að tveir dagforeldrar starfi saman. Daggæsluráðgjafar á þjónustumiðstöðum fari að lágmarki í tvær heimsóknir á ári til dagforeldra, leiðbeini og veiti ráðgjöf.
9. Fyrirvaralaus uppsögn. Reykjavíkurborg leiti leiða til að verja foreldra fyrir fyrirvaralausri uppsögn dagforeldra.

Aðgerðirnar taki gildi 1. janúar 2019. Heildarkostnaður vegna þessara aðgerða er áætlaður 60 m. kr., að undanskilinni aðgerð nr. 1, þar sem kostnaðarmat liggur ekki fyrir.